
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2002-03
Fundartími: Þriðjudagur 2. apríl 2002 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Notkunarflokkar raforku 2001.
2) Gögn um afl 2001.
3) Almennar forsendur raforkuspár.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson
Ólafur Pálsson
Sigurður Ágústsson
Eggert Guðjónsson
Ívar Þorsteinsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) JV fór yfir innheimtu notkunarflokka ársins 2001. Enn vantar tölur frá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Selfossveitum. Frá Hitaveitu Suðurnesja hafa ekki fengist tölur eftir svæðum á Suðurnesjum en Hafnarfjörður fékkst sérstaklega. Hjá Orkuveitu Reykjavíkur vantar götulýsingu og villa var í tölum fyrir Akranes. Annars virðast tölurnar frá þeim vera í lagi. ÍP sagði að vandamál væri með götulýsinguna núna en ætlar að reyna að fá gögn og senda JV og einnig er verið að athuga með gögn fyrir Akranes. GG sagði að fljótlega yrðu tilbúin gögn fyrir Rarik. Þar sem tenging við fasteignanúmer er ekki komin ætla þeir að nota tengingu við svæði úr eldra kerfi.
- 2) JV sagði að ennþá væru einungis komin aflagögn frá Rarik og Orkuveitu Reykjavíkur, Elliðaárstöð. EG ætlar að athuga með gögn frá Landsvirkjun.
- 3) JV sagði að ný fólksfjöldaspá væri komin frá Hagstofu Íslands og var hún skoðuð á netinu. Forsenda um fæðingar er hærri en áður og er spáin því

verulega hærrí en miðað hefur verið við í orkuspánum. Þetta mun hafa nokkur áhrif á orkuspárnar ef við notum þessa spá. JV var falið að ræða forsendur mannföldaspárainnar við Hagstofuna og fá rökstuðning fyrir forsendum þeirra.

JV sagðist vera búinn að fá tölur frá Fasteignamatinu fyrir síðasta ár og eru þau gögn komin inn í gagnagrunn Orkuspárnefndar. Hann dreifði einu blaði með heildatölum eftir flokkum.

JV sagði að ný þjóðhagsáætlun væri komin út og var hún skoðuð á netinu. Þar er gert ráð fyrir verulegum hagvexti á næstu árum eða meiri en við höfum gert ráð fyrir. Nokkur umræða varð um það hvort þessi áætlun væri ekki nokkuð bjartsýn.

JV sagði að teknar hafi verið saman tölur um innflutning heimilstækja síðustu árin og settar inn í kafla í almennum forsendum um heimili. Hann sagðist ekki hafa fengið tölur úr neyslukönnun um heimilstækjæigna eins og hann hefði átt von á frá Hagstofnunni. Hann ætlar að kanna það aftur hjá Hagstofunni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 7. maí 2002.

Jón Vilhjálmsón

Dreift var á fundinum:

- Töflu um rúmmál húsrýmis eftir flokkum árin 1983-2001.